

**Nd.**

**531. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt. Umsögn vitamálastjóra er birt sem fylgiskjal.

Alþingi, 21. nóv. 1944.

Ásg. Ásgeirsson, Jóhann Jósefsson, Sig. Kristjánsson.  
form., frsm. fundaskr.  
Eysteinn Jónsson. Lúðvik Jósefsson.

**Fylgiskjal.**

**VITAMÁLASTJÓRINN**

Reykjavík, 21. nóv. 1944.

Sjávarútvegsnefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 16. þ. m., óskað umsagnar minnar um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 21 14. júní 1929, um hafnargerð á Skagaströnd.

Þær verklegu framkvæmdir, sem hér um ræðir, eru í samræmi við uppdrætti og áætlanir, sem gerðar hafa verið hér á vitamálskrifstofunni, enda ekki annað en áframhald á því, sem byrjað hefur verið á og flestir sammála um, að þurfi að koma.

Það, sem mér skilst, að mest liggja á, er 30 m framlengingin á skipabryggju, sem sennilega væri hægt að framkvæma í sumar, ef staurar til framlengingarinnar fást í tæka tíð

Framlenging aðalhafnargarðs er einnig mjög aðkallandi, en ég tel tæplega fært að ætla því verki minna en tvö sumur. Hagkvæmast væri að steypa alla kassana og geyma þá uppi á landi, þangað til í býti hitt vorið, svo að hægt væri að ljúka garðinum fyrri hluta þessa sumars.

Dýpkun og uppfyllingar verða að sjálfsögðu háðar því, hve fljótt verður hægt að fá til þess nothæf tæki.

Það er því augljóst mál, að þótt þetta frumvarp yrði að lögum nú, þá mundi kostnaðurinn, sem af því leiddi, skiptast á næstu þrjú ár.

Ég vil eindregið mæla með því, að haldið verði áfram byggingu Skagastrandarhafnar og það eins fljótt og hægt er að vinna með hagkvæmu móti.

Axel Sveinsson.

Til sjávarútvegsnefndar neðri deildar Alþingis.